

oddviti eða annar hreppsnefndarmaður taki við starfi sveitarstjóra og gegni því, unz sveitarstjóri hefur verið ráðinn að nýju.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Eyrarsveitar í Snæfellsnessýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. marz 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 27. ágúst 1970.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## AUGLÝSING

**um skipulag í Árskógshreppi í Eyjafjarðarsýslu.**

Að fengnum tillögum Skipulagsstjórnar ríkisins, hefur ráðuneytið, samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964, ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 skuli ná til Árskógshrepps.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 27. ágúst 1970.*

**Emil Jónsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## REGLUGERÐ

**um fasteignaskatt í Hofshreppi, Skagafirði.**

Fasteignaskatt samkvæmt 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964 skal innheimta með 200% álagi í Hofshreppi, Skagafirði.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt 5. gr. laga nr. 51 10. júní 1964, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 28. ágúst 1970.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*